

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar
vegna íbúðarsvæðis við Hjallabraut.**

Skipulagsstofnun staðfesti 17. september 2020 breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, sem samþykkt var í bæjarstjórn 16. júlí 2020.

Í breytingunni felst að hluta Víðistaðasvæðis við Hjallabraut er breytt úr opnu svæði OP2 í íbúðarsvæði. Stærð íbúðarsvæðis ÍB1, Norðurbær, stækkar úr 61 ha í 62 ha. Opið svæði, Víðistaðasvæði, minnkar úr 18 ha í 17 ha. Jafnframt verður breyting á stærð hverfisverndarsvæðis Hvc1.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 17. september 2020.

F.h. forstjóra,

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfud.: 1. október 2020